

pósta, sem fóru þaðan 25., 26. og 27. s. m., og hafið þér mælt til þess, að póstmeistarann verði veitt þóknun fyrir starfa þenna, sem samsvari mánaðarlaunum hans.

1873.
6. maí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið í þessu skyni hefir veitt Óla póstmeistara Finsen 50 rd. þóknun, og sendum vör yður póstávísun til fjár þessa, til þess þér fáið það honum í hendur.

Fyrir móttöku fjárins væntum verð að fá kvittun yðar.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um leyfi skipslæknis til þess að fara með lækningar.

13. maí.

Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað tvær bænarskrár, þar sem fyrrum skipslæknir *A. Tegner* sumpart sækir um leyfi til að fara með lækningar á Íslandi, sumpart fer þess á leit, að hann megi verða aðnjótandi þeirra réttinda, sem fyrirheitin eru í auglýsingu um ýmsar ráðstafanir viðvikjandi læknaskipuninni á Íslandi 31. maí 1867, nr. 1, eða til vara: að sér verði veittur opinber styrkur á annan hátt, til þess að halda áfram þeim lækningum, sem hann hefir haft um hönd um nokkurn tíma á Vopnafirði í Norðurmúlasýslu; hefir amtmaður, samkvæmt meðmælingum frá sýslumanninum í tæðri sýslu og frá tveimur öðrum vel metnum mönnum þar, mælt fram með, að sækjandanum verði veitt lækningaleyfi, og jafnmikill styrkur af opinberu fê, einsog stjórnarráðið tvisvar sinnum áður hefir veitt honum fyrir lækningar hans á Íslandi.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifast á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð og frá því fengið álit landlæknisins á Íslandi, jústizráðs Jóns Hjaltalíns, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir þeim skýrslum, sem nú hafa fengizt, þykist geta veitt sækjandan-

1873.

13. maí.

um leyfi til að fara með lækningar á Íslandi, en það, sem hann að öðru leyti hefir sókt um, verður ekki veitt, nema hann taki læknispróf það, sem haldið er á Íslandi.

15. maí.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tíundagjald af Möðrudal.¹

Útaf bænarskrá nokkurri, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands háfði sent dómsmálastjórninni, og þar sem Sigurður bóndi Jónsson í Möðrudal í Jökulsdalshrepp hefir sókt um að verða undanþeginn að greiða konungstíund af tæðri jörð með tilheyrandi hjáleigum, og að sér verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa greidt um of, með því jörðin hafi fyrrum verið stólsjörð frá Skálholti, og það hafi verið tekið fram með berum orðum í uppboðsskilmálunum, þegar seldar voru stólsjarðirnar frá Skálholti og Hólum, að þær framvegis skyldi njóta hins sama tíundafrelsis eins og áður, meðan þær heyrðu undir stólsgózið, úrskurðaði dómsmálastjórnin í bréfi til fyrnefnds amtmanns, dagsettu 28. febrm. þ. á., að eptirleiðis skyldi hvorki heimta konungstíund af jörðunni nè hjáleigunum, og að tíundagjald, sem goldið væri í fardögum 1871 og 1872, skyldi borgað aptur, ef það væri komið í landssjóðinn, og sá sjötti partur, sem sýslumaður hafi tekið í innheimtulaun, skyldi greiddur aptur sækjandanum, en því var bætt við, að málið, að því leyti er snerti þau tíundagjöld, sem greidd væri á fyrri árum, væri sent fjárhagsstjórninni til úrskurðar, með því þau gjöld væri borguð til ríkissjóðsins.

Eptir að fjárhagsstjórnin nú hefir látið í ljósi, að hún sjái sér eigi fært að koma því til leiðar, að tíundagjöld þau, sem greidd eru fyrir tímenn fyrir árið 1871, verði goldin sækjandanum aptur, mælumst vör til, að þér, herra landshöfðingi, annist um, að hlutadeiganda verði birtur þessi úrskurður fjárhagsstjórnarinnar.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220 og 585.